

Fundur íbúaráðs Kjalarness 19. apríl 2023: Umsögn íbúaráðs Kjalarness, dags. 19. apríl 2023 um tillögu að nýju starfsleyfi fyrir starfsemi Íslenska gámafélagsins að Kalksléttu 1

Íbúaráðið vill koma á framfæri því ófremdarástandi sem hefur skapast á Esjumelasvæðinu í heild sinni. Mikið magn af úrgangi og rusli hefur safnast saman á svæðinu. Gerð er sú athugasemd við nýju starfsleyfi Íslenska Gámafélagsins að mikil þörf er á mótvægisáðgerðum gegn því að rusl fjúki frá svæðinu nú þegar. Íbúar hafa áhyggjur af þeirri lyktar-og hávaðamengun sem kann að hljóta af og þá sérstaklega yfir sumartímann.